

Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbraf: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/319
komudagur 30.11.2005



Samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2005

Efni: Þingsályktunartillaga um vegagerð um Stórasand. 43. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda tillögu til umsagnar og lýsa sig mótfallin henni.

Stjórn samtakanna telur að það sé mikilvægast fyrir ferðaþjónustuna að hringvegurinn sé í góðu lagi svo og vegir að helstu ferðamannastöðum. Hálendisvegi þarf að bæta en ekki byggja þá upp. Með því að "skera landið" sbr. þær hugmyndir sem kynntar eru í tillögunni að Stórasandsvegi hefur það mikil áhrif á önnur landssvæði og heilu byggðalögin geta einangrast og er það ekki í þágu ferðaþjónustunnar.

Hálendisvegir þurfa að vera á öðrum forsendum en þjóðvegir. Í ferðaþjónustu er raunin oftast en ekki sú að það er leiðin sem farin er sem er aðdráttaraflíð frekar en áfangastaðurinn. Því er það greininni ekki til framdráttar að vegir á hálendi séu beinir og breiðir. Miklu fremur er mikilvægt að þeir falli að landslaginu og liggi að áfangastöðum ferðamanna og séu nothæfir sem mestan hluta ársins t.d. komi snemma undan snjó og séu ekki lokaðir vegna aurbleytu svo mánuðum skiptir.

Benda má á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands um hálendisvegi sem haldin var 3. mars sl. Nánast allir frummælendur voru sammála um að hraðbrautir ættu ekkert erindi inn á hálendið og röskun af þeirra völdum myndi ná langt út fyrir það sem venjulegt áhrifasvæði vega væri.

Flutningsmenn draga fram sem rök til stuðnings tillögunni að þess sé víða krafist að Reykjavíkflugvöllur verði lagður niður og því muni flug milli Akureyrar og Reykjavíkur leggjast af. Samtökin hafa ítrekað bent á mikilvægi Reykjavíkflugvallar fyrir ferðaþjónustuna og landsbyggðina og hafa lagst alfarið gegn því að hann sé lagður niður.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri